

## Gegnir – Viðhald um áramót

Ágæta Gagnisfólk,

Fyrir Gegni eru áramótin tími uppgjörs og hreinsunar. Við tökum áramótaafrit á gamlársdag sem er síðan notað til þess að samræma prófunarumhverfi Gegnis við raunumhverfið. Það er nauðsynlegt að samræma umhverfin með reglulegu millibili til þess að vera með raunhæf gögn vegna þróunarvinnu og prófana í kerfinu.

Gegnir verður lokaður um áramótin vegna afritunar. Þessi lokun hefur engin áhrif á bókasöfnin en þjónustur í leitir.is verða takmarkaðar. Ekki verður mögulegt að sjá upplýsingar um eintök, taka frá efni eða panta millisafnalán. Innskráning verður einnig óaðgengileg.

Annar liður í árlegri hreinsun og viðhaldi á Gegni er að eyða gömlum útlánaaðgerðum úr kerfinu. Útlánaaðgerðir í Gegni eru skráðar í „log-skrá“ sem stækkar með tímanum og veldur hægagangi í kerfinu. Til útlánaaðgerða teljast m.a. útlán, skil, endurnýjanir, frátektir og rukk.

Log-skrám fyrir útlánaaðgerðir fyrir árið 2014 hefur verið eytt eða fram til 1. janúar 2015. Núna var tæplega 9 milljónum aðgerða eytt frá tímabilinu 1. janúar 2014 til 1. janúar 2015, sjá töflu.

**Athugið að öll útlánasaga lánþegans er honum aðgengileg á „Mínum síðum“ á leitir.is.**

*Fjöldi eyddra útlánaaðgerða eftir stjórnunareiningum frá 1. janúar 2014 til 1. janúar 2015*

Stjórnunareining	Fjöldi
ice50	312.910
ice51	77.815
ice52	84.596
ice53	4.432.058
ice55	1.204.553
nor50	846.212
sud50	1.056.317
aus50	157.085
ves50	485.081
Samtals:	8.656.627

F. h. Landskerfis bókasafna óska ég ykkur gleðilegs nýs árs og farsældar á komandi ári og þakka fyrir samstarfið á árinu sem er að líða,

Sigrún Hauksdóttir